



AFSTÓÐUMYND YFIR DEILISKIPULAGSSVÆÐI VINNUBÚÐA OG ATHAFNASVÆDIS VEGNA NORÐFJARÐARGANGA Í NORÐFIRÐI, MKV. 1:5000.



DEILISKIPULAG VINNUBÚÐA, MKV 1:2.000.

| SKÝRINGAR |  |
|-----------|--|
|           | Athafnasvæði á framkvæmdatíma              |
|           | Byggingarreitir                            |
|           | Fyrirkomulag bygginga (sýnt til skýringar) |
|           | Norðfjarðarvegur                           |
|           | Veggögn/vegskáli                           |
|           | Núv. vegur                                 |
|           | Áætlaðir bráðabirgðavegir á framkvæmdatíma |
|           | Bilastæði                                  |
|           | Skering                                    |
|           | Fylling                                    |
|           | Settjarnir                                 |
|           | Öryggisskurðir                             |
|           | Olluskilja                                 |
|           | Vatnsvernd - Brunnsvæði                    |
|           | Vatnsvernd - Grannsvæði                    |
|           | Vatnsvernd - Fjarsvæði                     |
|           | Snjflóðafarvegur                           |
|           | Skráðar minjar - utan deiliskipulagssvæðis |
|           | Háspennulína 11 kW                         |
|           | Stofnað vatnsveitu                         |
|           | Rotþró                                     |
|           | Deiliskipulagsmörk                         |



DEILISKIPULAG ATHAFNASVÆDIS, MKV 1:2.000.

**STAÐHÆTTIR OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU**

Fjarðabyggð og Veggerðin hafa látið vinna deiliskipulag sem tekur til vinnubúða og athafnasvæðis sem áformað er að setja upp vegna framkvæmda við Norðfjarðagöng í Fanndal. Um er að ræða tímabundna notkun á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarland auk vegsvæðis hins nýja vegar.

Að framkvæmdum loknum verða vinnubúðirnar fjarlægðar en tímasetning fylgir skilgreindum verklokum við gerð Norðfjarðarganga skv. framkvæmda- og tímaáætlunum framkvæmdaáðila og leyfisveitenda.

Skipulagsvæðið nær yfir tvö svæði og eru alls 10,3 ha þ.e. athafnasvæði 8,9 ha og vinnubúðir 1,4 ha í landi Kirkjubóls. Athafnasvæðið er á landi sem Veggerðin er búin að kaupa sem er graslendi sittthvori megin vegar gegnt Naumamel. Vinnubúðir eru staðsettar á svæði sem einkennist af graslendi og melum sittthvorum megin vegar sem og túni í norðurjaðri þess. Tóftir fjárhúss eru staðsettar 110 metrum vestan við vinnubúðarsvæðið og verða þær ekki fyrir áhrifum.

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd Norðfjarðargöngum og Norðfjarðarvegi en markmið þeirrar framkvæmdar er að styrkja byggðarlög á Austurlandi með bættu vegasambandi á milli þéttbýlisstaða. Ennfremur að tryggja greiðar samgöngur og auka umferðaröryggi á svæðinu. Nýr vegur verður með bundnu siltlagi og utan Jarðganga verður hann uppbyggður með tilliti til snjóa. Hönnunarhraði vegarins verður miðaður við 90 km/klst. hámarks hraða. Hönnun miðast við hámarks hraði í jarðgöngum verði 70 km/klst.

**STEFNA**  
Tillagan er unnin á grundvelli gildandi Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027. Í aðalskipulaginu er ekki kveðið á um heimildir fyrir tímabundin mannvirki en deiliskipulagið er á landbúnaðarsvæði. Í aðalskipulaginu er sett fram stefna um landbúnaðarland í kafla 5.4.1. Hluti athafnasvæðis er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Stefna aðalskipulags Fjarðabyggðar um vatnsverndarsvæði er sett fram í kafla 6.11. Skilmálar um vatnsverndarsvæði eru settir fram í kafla 9.1.17 um verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum þar sem segir um fjarsvæði vatnsverndar:

„Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. skal ákvarða fjarsvæði utan við grannsvæði vatnsstöð. Þá vitað um sprungur eða misgengi á fjarsvæðum, skal geta fylstu vandiðar við meðferð þeirra efna sem talin eru upp í dævæðum um grannsvæði að ofan. Stærri geymslur fyrir slík efni eru ekki heimil á fjarsvæðum. Allar framkvæmdir á fjarsvæðum, eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands.“

Í reglugerð nr. 796/1999 með breytingum á reglugerðum nr. 533/2001, 913/2003 og 955/2011 kemur fram „Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu samahúsa og annarra mannvirkja“.

Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu eða í næsta nágrenni sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Framkvæmdir á svæðinu verða unnar í samráði og með leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

**TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI**

**Vinnubúðir**

Svæði fyrir vinnubúðir er 15779 m<sup>2</sup> og er fyrir bráðabirgðabyggingar, aðkomuleiðir, bilastæði, rotþró og siturlagnir sem og aðra nauðsynlega aðstöðu. Nýtingarhlutfall svæðis er 0,035. Verktaki þarf að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Austurlands til að reisa og reka vinnubúðir sem og samþykki fyrir hreinsivirkjum fráveitu.

**Athafnasvæði**

Innan athafnasvæðis verður öll aðstaða framkvæmdaáðila og þau mannvirki sem setja þarf upp vegna framkvæmdarinnar. Afmörkun svæðis er 93141 m<sup>2</sup> og er áætlað fyrir bráðabirgðabyggingar, aðkomuleiðir, bilastæði o.þ.h. þar sem svæðið er fjarsvæði vatnsveitu er gert ráð fyrir loknum safntanki fyrir fráveitu en ekki rotþró og siturlagnir. Nýtingarhlutfall svæðis er 0,013. Mestur hluti svæðisins verður nýttur undir efnishuga misunandi efnis og efnisvinnslu. Um er að ræða önnið efni frá gangagrefni og efni í burðarlög, efni með löngum og fleira sem unnið verður úr gangaefni.

Á athafnasvæðinu verða ennfremur olluskilja og settjörn til hreinsunar fráveituvatns frá starfstöðvum og frá göngum. Verktaki þarf að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Austurlands vegna þeirrar starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sem og samþykki fyrir hreinsivirkjum fráveitu.

**Byggingar innan svæðis fyrir vinnubúðir**

Innan vinnubúðarsvæðis er afmarkaður 1 byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir svefnskála og mótuneyti sem er allt að 550 m<sup>2</sup> að stærð.

**Byggingar á athafnasvæði**

Staðsetning athafnasvæðis og bráðabirgðabygginga innan þess er valin með tilliti til snjflóða en á svæðinu eru afmarkaðir 6 byggingarreitir fyrir;

- verkstæði
- lagerskála/gáma
- skrifstofu vertaka og eftirlits,
- spennistöð
- steypistöð
- sprengiefnagemylsa

Notkun bygginga á hverjum reit er ekki fastákveðin og ræðst af þörf. Miðast er við að byggingar verði á einni hæð og heldirbyggingarmgn verði allt að 1100 m<sup>2</sup>.



HLUTI AF STAÐFESTU AÐALSKIPULAGI FJARÐABYGGÐAR 2007-2027

**Aðkoma og bilastæði**

Aðkoma að vinnubúðum er eftir núverandi Kirkjubólsvægi (9521) sem liggur af núverandi Norðfjarðarvegi (92) inn í dalinn. Á svæðinu er gert ráð fyrir 43 bilastæðum.

Innan athafnasvæðis verður öll aðstaða framkvæmdaáðila og þau mannvirki sem setja þarf upp vegna framkvæmdarinnar. Afmörkun svæðis er 88792 m<sup>2</sup> og er áætlað fyrir bráðabirgðabyggingar, aðkomuleiðir, bilastæði. Þar sem svæðið er á fjarsvæði vatnsveitu er gert ráð fyrir loknum safntanki fyrir fráveitu. Nýtingarhlutfall svæðis er 0,013.

Aðkoma að athafnasvæði er eftir vegstöði í vegstöði nýs Norðfjarðarvegar af Kirkjubólsvægi (9521) yfir nýja brú á Norðfjarðará sem verði er að byggja. Fyrst verður um að ræða bráðasíða í vegstöði sem verður smám saman að vegi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir 24 bilastæðum. Vegtengingar inni á athafnasvæði verða breytilegar eftir því sem verki miðar áfram. Lega vegna innan athafnasvæðis er sýnd til skýringar.

**Lagnir og veitukerfi**

Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir núverandi legu aðveituglagna vatns og rafmagns innan svæðis fyrir vinnubúðir. Ekki eru sýndar dreifilagnir innan skipulagsvæðis.

Fráveita frá vinnubúðum fer í rotþró og siturlögn. Staðsetning þeirra er sýnd á uppdrætti en nánari útfærsla í göngum vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Gerð og frágangur og rektur fráveitu og rotþró verður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitir og skópi, leiðbeiningar um rotþræ og siturlagnir og samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþró á starfswæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Fráveita skólps á athafnasvæðinu verður leidd í lokaðan safntank og hann losaður í fráveitukerfi sveitarfélagsins af aðlum sem hafa leyfi heilbrigðiseftirlits til flutninga á skópi. Allt afrennsli á athafnasvæði verður að lokinni hæfilegri hreinsun (olluskilja og settjörn) leitt út í Norðfjarðará á mós við stöð 10050 í veglinu og er það ofan grannsvæðis vatnsverndar. Hér er meðal annars um að ræða vatn sem mun koma út úr göngum. Gerðir verða hæfilegir skurðir á athafnasvæðinu til að veita vatninu og einnig öryggisskurðir á innri mörkun þess.

**UMHVERFISMAT DEILISKIPULAGS**

Engar skráðar forleifar eru innan skipulagsvæðisins en gerð hefur verið forleifaraskráning. Gert hefur verið umhverfismat vegna framkvæmdanna.

Athafnasvæði er að hluta til innan fjarsvæðis vatnsverndar. Framkvæmdir en háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Verktaki þarf að gera sérstaka öryggis og heilbrigðisáætlun fyrir starfslífi sítt. Veggerðin fer fram á sérstakar aðgerðir umfram venjulegar verkisreglur Veggerðarinnar þar sem um jarðgangagerð er að ræða. Farið verður fram á að vatnsþéttir dükar verði notaðir þar sem geymd verða hættulegra efni.

Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir við vinnubúðir séu líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið. Áhrifin felast helst í sjónleika mannvirkja á framkvæmdatíma Norðfjarðarganga. Búðirnar verða fjarlægðar við verklok.

**Frágangur**

Eftir að framkvæmdum við gerð Norðfjarðarganga lýkur verða öll bráðabirgðamannvirki fjarlægð af og jarðu. Gengið verður frá svæðinu í samræmi við núverandi ástand þess, tímabundnar malarfyllingar vegna mannvirkja og vegstöða verða fjarlægðar og landinu skilað með frágöngu yfirborði.

Í útbotsgöngum er nánar greint frá því hvernig frágangi á athafnasvæði við gangamuna skuli hagað.

Við uppræðslu verður fylgt leiðbeiningum Veggerðarinnar um gróðurhönnun á vegasvæðum í dreifbýli. Við vinnubúðarsvæði þarf að breyta girðingum verður það gert og þær endurnýjaðar í samráði við landeigendur. Frágangur vinnubúða og athafnasvæðis verður unninn í samráði við landeiganda og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar. Við athafnasvæði eru engar girðingar.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd þann \_\_\_\_\_ 2013 og í \_\_\_\_\_ 2013.

Þann \_\_\_\_\_ 2013.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 2013 með athugasemdafrest til \_\_\_\_\_ 2013.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2013.

Kortagrunnur frá Loftmyndum ehf.

\_\_\_\_\_

SR. DNOS. BREYTING. TÖNN.

**FJARÐABYGGÐ**

FJARSVEIÐIR/GRANNVEIÐIR/GRANNVEIÐIR/GRANNVEIÐIR

LANDMÖRULNA

Deiliskipulag vinnubúða og athafnasvæðis vegna Norðfjarðarganga í Norðfirði

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI